

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Fyrir íbúðarhús og sumarhús í þéttbýli kr. 40.018.
- B. Fyrir lögbyli og íbúðarhús í dreifbýli kr. 40.018.
- C. Fyrir sumarhús í dreifbýli kr. 32.516.
- D. Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar greiða sorphirðugjald fyrir hverja starfsstöð fyrirtækisins samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og eyðingu frá þeim, er miðist við áætlað magn úrgangs og sé samkvæmt eftirfarandi flokkun:

Flokkur 1	43.081 kr.
Flokkur 2	59.837 kr.
Flokkur 3	65.819 kr.
Flokkur 4	71.804 kr.
Flokkur 5	80.180 kr.
Flokkur 6	87.360 kr.
Flokkur 7	323.118 kr.
Flokkur 8	538.521 kr.

Sveitarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald skv. gjaldskrá D af þeim aðilum sem annast sjálfir flutning sorps á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, er hér með staðfest. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt brott gjaldskrá sama efnis nr. 110/2019.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 14. desember 2022.

*Drangnesi, 14. desember 2022.*

F.h. Kaldrananeshrepps,

**Finnur Ólafsson** oddviti.